

Erindi íbúa í hverfinu, dags. 3. febrúar 2023, um umferðaröryggismál á Sogavegi

Daginn,

Ég bý í nýrri blokk við Sogaveg 75-81. Ég hef töluverðar áhyggjur af umferðaröryggi barna og annarra gangandi vegfaranda yfir Sogaveg. Það vantar alveg gangbraut yfir Sogaveg á þessu svæði, í raun er blokkin illa tengd við hverfið og virðist ekki gera ráð fyrir skólagöngu barna. Hinu megin við Sogaveg er nauðsynleg þjónusta eins og skóli og leikskóli en einnig eru þar leiksvæði og grænsvæði. Því er freistandi fyrir börn og aðra að stytta sér leið yfir Sogaveg enda styttir það ferðalagið um mörg hundruð metra. Bílaumferð um Sogaveg er töluverð og bílar oft langt yfir hámarkshraða.

Ég setti útskýringar í viðhengi.


Kveðja

Sigurður Kristinn Jóhannesson

Verkfræðingur

Sogavegur 81


Gangbraut á Sogavegi



Gönguás í eldri byggð



Sogavegur 75-81 að gangbraut



Sogavegur 75-81 að ljósum

